

Alþingi
Erindi nr. P 139/1245
Lagur 10.2.2011



MOSFELLSBÆR

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 09.02.2011
nr. erindis 201101422 fb

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á Skipulagslögum, 113. mál.

Inngangur

Undirrituðum hefur verið falið að semja og senda f.h. Mosfellsbæjar umsögn um ofangreint frumvarp, sbr. bréf yðar frá 26. janúar 2011.

Breytingar á lögnum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

- Umhverfisráðherra verði skammtaður fjögurra vikna frestur til að afgreiða tillögu að aðalskipulagi, sem Skipulagsstofnun hefur vísað til hans.
- Dragist afgreiðsla aðalskipulags hjá Skipulagsstofnun eða ráðherra fram yfir fjórar vikur, verði sveitarfélagi heimilt að ákveða að skipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar eða ráðherra liggur fyrir.


Í gildandi Skipulagslögum er ekki tilgreindur neinn frestur sem ráðherra hafi í slíkum tilvikum, en Skipulagsstofnun eru skammtaðar fjórar vikur. Ekki er kveðið á um það hvað gerist ef sá frestur er ekki virtur.

Umsögn

Ekki er lagst gegn því að ákveðinn verði í Skipulagslögum frestur fyrir ráðherra til að taka ákvörðun um staðfestingu aðalskipulags eða synjun á henni, enda eru öllum öðrum aðilum sem koma að skipulagsferlinu á fyrri stigum settir tímafrestir í lögnum. Fjögurra vikna frestur virðist þó vera mjög naumt skammtaður, hvort heldur er fyrir afgreiðslu Skipulagsstofnunar eða ráðuneytisins, þar sem gera má ráð fyrir því að í einstökum tilvikum geti umfjöllun um slík mál hæglega krafist meiri tíma af fullkomlega eðlilegum ástæðum.

Hinsvegar er ekki hægt að mæla með því að sveitarfélag geti, ef ákvörðun yfirvalda dregst, látið aðalskipulagið „taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar/ráðherra liggur fyrir.“ Vandséð er hverjum þetta ætti að gagnast og það væri ekki til vitnis um stjórnfestu eða góða stjórnsýslu, að setja í gildi aðalskipulag, sem hugsanlega yrði fellt aftur úr gildi að nokkrum dögum eða vikum liðnum með ákvörðun æðra stjórnvalds.

F.h. Mosfellsbæjar,


Finnur Birgisson
skipulagsfulltrúi.